

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bolungarvíkurkaupstað.

Deiliskipulag Lundahverfis og VP-svæðis við Hólsá.

Bolungarvíkurkaupstaður hefur lokið við gerð nýs deiliskipulags fyrir Lundahverfi og VP-svæði við Hólsá. Deiliskipulagið var unnið í samræmi við aðalskipulag Bolungarvíkur 2020-2032.

Deiliskipulag Lundahverfis nær yfir íbúðarsvæði og afmarkast af Þjóðólfsvegi og Höfðastíg í norðri, Völusteinsstræti og grunnskólalóð í vestri, Hólsá í suðri og Heilsustíg í austri. Svæðið er um níu hektarar að stærð og er að stærstum hluta íbúðarsvæði í aðalskipulagi.

Deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis við Hólsá afmarkast af Hólsá til norðurs, Kirkjuvegi til suðurs, en til austurs af afmörkun VP-svæðis í aðalskipulagi og til vesturs eins og sýnt er á uppdráttum af skipulaginu. Svæðið er um 0,7 hektarar að stærð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Bolungarvík, 10. júlí 2023.

Finnbogi Bjarnason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 25. júlí 2023